

HEF veitur ehf
Fellabrun 1
700 Egilsstöðum

Garðabær, 30. júní 2025
202506-0110/A.B.
08.04

Efni: Umsögn um framkvæmdarleyfi - færsla fráveitulagnar, HEF veitur ehf.

Vísað er í erindi HEF veitna dags. 25. júní 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna flutnings á fráveitulögn sem liggur meðfram Egilsstaðaflugvelli við Lagarfljót. Um er að ræða lögn sem upphaflega var lögð árið 2020 en þarf nú að færa vegna fyrirhugaðrar stækkunar flugvallarins.

Framkvæmdasvæðið liggur innan svæðis á náttúruminjaskrá (sem aðrar náttúruminjar) og nefnist það **Finnstaðanes og Egilsstaðanes**. Svæðið hefur verið talið mikilvægt fyrir fjölbreytt votlendiskerfi og lífríki sem tengist bæði Lagarfljóti og nærliggjandi landslagi, en svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: *Votlendi með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og gróðurríkum hólum. Allmikið og fjölbreytt fuglalíf, líklega eitt hið auðugasta á Héraði. Mikilvægur viðkomustaður fugla, einkum á vorin, þar sem ísa leysir snemma á þessu svæði.*¹

Mikilvægt er að forðast röskun á verndargildi svæðisins og tryggja að framkvæmdir innan þeirra fari ekki gegn verndarmarkmiðum skráningarinnar. Þar sem fuglalíf er fjölbreytt og ríkulegt ber að forðast það að framkvæmdir fari fram á varptíma.

Stofnunin leggur ríka áherslu á að frágangur framkvæmdarinnar verði með þeim hætti að röskun verði sem minnst og að náttúrufari verði skilað sem næst upprunalegu ástandi.

Virðingarfyllt,

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

Skúli Þórðarson
verkefnisstjóri

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>